

Fundur í fagráði nautgriparæktar 8. mars 2024

Fundargerð

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 8. mars 2024 og hófst kl. 10.00.

Mættir: Þórarinn Leifsson, Elín Heiða Valsdóttir, Guðrún Eik Skúladóttir, Hermann Ingi Gunnarsson, Guðrún Björg Egilsdóttir, Egill Gautason, Sigurbjörg Bergsdóttir, Friðrik Már Sigurðsson, Rebekka Rut Leifsdóttir og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Björn S. Gunnarsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Naut í notkun og spenabykkt
3. Val á nautkálfum
4. Fagráðstefna
5. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Þórarinn Leifsson, formaður fagráðs, setti fund og stýrði honum. Fundargerð síðasta fundar, dags. 12. desember 2023, samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Naut í notkun og spenabykkt.

Guðmundur fór yfir naut í notkun og fjallaði sérstaklega um spenabykkt. Hann sagði að staðan varðandi þann eiginleika væri ekki góð í augnablikinu, of mörg naut gæfu granna spena en hins vegar væri framhaldið á annan veg. Til þess að bændur hefðu val um naut sem gæfu þykkari spena hefði verið ákveðið að setja Beyki 18031 og Nafna 19009 í notkun.

Hermann talaði um að grannir spenar væri töluvert vandamál og margir bændur kvörtuðu yfir því. Hann kom með þá hugmynd að setja gólf fyrir naut í notkun varðandi fyrir spenabykkt og spenastöðu, t.d. 85.

Einnig rætt hvort ástæða væri til þess að hefja dóma á afturspenastöðu og Agli og Guðmundi falið að hefja undirbúning að því.

3. Val á nautkálfum.

Varðandi val á nautkálfum á stöð var ákveðið að setja sem viðmið ákveðið gólf sem væri 100 fyrir jógureiginleika og 85-90 fyrir spenabykkt.

Rætt um þann tíma sem tekur að velja nautkálfa. Guðmundur fór yfir ferilinn og sagði að í all nokkrum hluta tilvika færi tíminn frá tilkynningu til svars um hvort kálfurinn yrði keyptur eða ekki allt að 6 vikur. Tíminn frá því að sýni fer frá bónda og þar til það berst rannsóknastofu væri lengstur og hann þyrfti með öllum ráðum að stytta.

Þórarinn sagði að æskilegt væri að þessi tími væri ekki lengri en 4 vikur og tóku fundarmenn undir það.

4. Fagráðstefna.

Rætt um að halda fagfund eða -ráðstefnu en af nógu efni væri að taka. Fundarmenn á því að staðarfundur/-ráðstefna með beinu streymi væri æskilegast. Guðmundi og Rebekku falið að undirbúa ráðstefnu, finna henni stað, tala við fyrirlesara og sækja um fjármögnun í þróunarsjóð. Rætt um efnistöð og upp komu eftirfarandi hugmyndir: Erfðamengjaúrval, nauta- og nautsmæðraðval, sæðingar – kyngreint sæði, hagrænt gildi innflutnings á mjólkurkúakyni – spurning um stöðu verkefnisins, einkunn fyrir burð feðraáhrif og mæðraáhrif, ormasýkingar í nautgripum og kálfadauði.

5. Önnur mál.

Rætt um að hækka verð fyrir nautkálfa í allt að 70-100.000 kr. fyrir lífið auk greiðslu á hvern dag fyrir fóðrun og hirðingu frá fæðingu og þar til kálfurinn er sóttur. Guðmundi falið að skoða málið í samráði við Sveinbjörn á Nautastöðinni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Elín Heiða Valsdóttir
(sign.)

Guðrún Eik Skúladóttir
(sign.)

Egill Gautason
(sign.)

Guðrún Björg Egilsdóttir
(sign.)

Sigurbjörg Bergsdóttir
(sign.)

Friðrik Már Erlingsson
(sign.)

Rebekka Rut Leifsdóttir
(sign.)